

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi:	Hjalti Jón Guðmundsson
Dags:	04.10.2023
Boðaðir:	Álfheiður Ingadóttir, Haraldur L. Haraldsson, Kjartan Dige
Fundarmenn:	Álfheiður Ingadóttir, Haraldur L. Haraldsson
Fjarverandi:	Kjartan Dige
Bréfalykill:	02.02.09 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð – Matvæli og matvælaöryggi
Málsnúmer:	MAR22020305

Efni: Fiskeldissjóður - 60. fundargerð

Frásögn af fundi

1. Fundargerð 59. fundar

Stjórn samþykkti fundargerð 59. fundar

2. Ársreikningur og ársskýrsla Fiskeldissjóðs fyrir árið 2022

Stjórn samþykkti ársreikning ársins 2022 til undirritunar með þeim breytingum sem samþykktar voru á síðasta stjórnarfundi.

3. Heimsókn til styrkþega

Stjórn ræddi um að fara í heimsókn til Vestfjarða og Austurlands. Starfsmanni var falið að að heyra í sveitarfélögum með dagsetningarnar 8.-9. nóvember annars vegar og 13. og 14. nóvember hins vegar.

4. Staða samninga

Stjórn fór yfir stöðu samninga ársins 2023, enn á eftir að undirrita þrjá samninga. Stjórn fól einnig starfsmanni að kanna stöðu allra verkefna sem hafa fengið úthlutað, brýnt að það sé komið fyrir ferð stjórnar til Vestfjarða og Austurlands. Starfsmanni einnig falið að kanna málsmeðferðarreglur þegar að verulegar vanefndir eru á efndum samnings.

5. Umræða um úthlutunarreglur o.fl. vegna úthlutunar 2024.

Stjórn ákvað að farið yrði yfir úthlutunarreglur sjóðsins áður en ferð til Austurlands og Vestfjarða yrði farin.

6. Önnur mál.

Á heimasíðu sjóðsins eru sumar fundargerðir tvisvar inni. Starfmaður sjóðsins beðinn um að lagfæra.

Næsti fundur boðaður fimmtudaginn 11. október kl. 13:00

Niðurstaða og ákvarðanir

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

